



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Varðandi tillögu fulltrúa ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða um fríar tíðavörur í alla grunnskóla og félagsmiðstöðvar***

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna sem haldinn var 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða og vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að veita auknu fjármagni til grunnskóla og félagsmiðstöðva til þess að hægt sé að auðvelda aðgengi barna og ungmenna að fríum tíðavörum frá og með hausti 2020.

Greinargerð fylgdi.

Á Íslandi sem og víða erlendis hefur umræðan um fríar tíðavörur á almenningssalernum orðið meira áberandi á undanförunum misserum. Fólk sem hefur blæðingar hefur almennt ekki val um hvort og hvenær blæðingar hefjast. Því hafa ýmsir hópar kallað eftir því að tíðavörur verði taldar til sama flokks og aðrar hreinlætisvörur s.s. salernispappír og handsápa á almennum salernum. Það hefur þó enn ekki verið samþykkt með lögum.

Kynþroskaskiðið getur verið viðkvæmur og flókinn tími fyrir börn og ungmenni á margan hátt. Sum börn eru afar ung þegar kynþroskatímabilið hefst en það getur jafnvel munað 5-6 árum á milli einstaklinga hvenær ferlið fer af stað. Þegar blæðingar eru byrjaðar er algengt að fyrstu árin séu þær óreglulegar og mismiklar. Það getur aukið verulega á kvíða og streitu ungra einstaklinga að óttast að byrja á blæðingum í skólanum eða að þurfa að fara á salernið og hafa ekki tíðavörur meðferðis.

Haustið 2018 hófst tilraunaverkefni um aukna markvissa kynfræðslu í tveimur skólum í Reykjavík, Foldaskóla og Seljaskóla. Samhliða aukinni kynfræðslu hefur verið boðið upp á fríar tíðavörur í skólunum tveimur sem og í þeim félagsmiðstöðvum sem nemendur úr skólunum sækja. Nemendur í þeim skólum fengu fræðslu um tíðavörur og svo var vörunum komið fyrir á salernum skólanna og félagsmiðstöðvanna. Bæði hafa bindi og tappar verið í boði. Reynslan af verkefninu hefur verið afar jákvæð og þykir þeim nemendum sem hafa blæðingar öryggi í því að geta gengið að tíðavörunum vísu ef á þarf að halda. Starfsfólk í tilraunaverkefninu er sammála um að mikilvægt sé að tryggja áframhaldandi fríar og aðgengilegar tíðavörur á starfsstöðunum.

Virðisaukaskattur af tíðavörum var lækkaður úr 24% í 11% þann 1. september 2019 og hefur því almennur kostnaður lækkað. Áætla þarf út frá nemendafjölda í hverjum skóla hversu mikið magn af tíðavörum þarf að kaupa inn árlega. Ef tilraunaverkefnið er haft til hliðsjónar þá er áætlaður heildarkostnaður fyrir alla grunnskóla og félagsmiðstöðvar borgarinnar á bilinu 650.000 - 750.000 krónur á ári. Mælt er með að magn innkaupa verði endurmetið út frá nýtingu fyrsta skólaárið. Kostnaður verður tekinn af fjárheimildum skóla- og frístundasviðs.